

Strandabyggð  
Gísli Gunnlaugsson,  
skipulags- og byggingarfulltrúi  
Höfðagötu 3  
510 HÓLMAVÍK

Garðabær, 21. febrúar 2017  
2017010034/42-0  
TB  
jgo/tb

### **Deiliskipulag frístundabyggðar í Skeljavík við Hólmavík**

Vísað er til bréfs frá Strandabyggð, dags. 6. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands (bréfið stílað á NÍ en í texta beðið um umsögn Orkubús Vestfjarða) um tillögu að deiliskipulagi fyrir frístundabyggð í Skeljavík við Hólmavík.

Í greindargerð með deiliskipulaginu kemur fram að það er í samræmi við samþykkt aðalskipulag Strandabyggðar 2010-2022. Jafnframt er þar fjallað stutt um sögu svæðisins og stöðu fornleifaskráningar og með hvaða hætti deiliskipulagið hefur og á að taka tillit til fornminja. Í greinargerðinni vantar hins vegar nánast alla umfjöllun um náttúrufar svæðisins bæði jarðfræði og gróður. Minnst er á klapparholt og hvernig þau takmarka möguleika fyrir byggingar en meira er ekki fjallað um náttúrufar hvorki jarðfræði, gróðurfar né dýralíf s.s. fuglalíf. Ekki er fjallað um með hvaða hætt deiliskipulagið tekur tillit til náttúrufars.

Samkvæmt gróðurkorti, sjá meðfylgjandi kort, sem byggt er á gömlum gróðurgreiningum (frá um 1965) en nýlega uppfært eftir loftmyndum, einkennist gróðurfar af lyngmóa. Holtasóley, krækilyng og víðir er áberandi á grjótholtum þar sem gróðurþekja er gisin (B6) en í lægðardögum á milli klapparholta, þar sem gróðurþekja er mun meiri, eru krækilyng, fjalldrapi og bláberjalyng ríkjandi tegundir (B1). Inn á milli eru litlir deiglendis- og myrrablettir (ekki merktir á kortið) ásamt graslendisblettum (H1 og H3). Þegar loftmyndir eru skoðaðar má sjá votlendisbletti á milli klapparholtanna og á deiliskipulagsuppdrætti má lesa örnefnið Selmýrar rétt utan við deiliskipulagssvæðið upp af syðstu húsunum í skipulaginu.

Samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 njóta votlendi, svo sem hallamýrar, flóar, flæðimýrar, rústamýrar,  $20.000 m^2$  að flatarmáli eða stærri sérstakrar verndar (sjá a lið greinarinnar) og forðast skal að raska þeim nema brýna nauðsyn beri til. Náttúrufræðistofnun vill benda á framangreint þó telja megi víst að votlendi á svæðinu nái ekki framangreindri stærð. Það er hins vegar eins og áður segir engin umfjöllun eða samantekt um náttúrufar á svæðinu þ.m.t. um votlendi í greinargerðinni og ekkert fjallað um hvernig skuli vernda gróðurfar bæði vegna beinnar röskunar t.d. vegna húsgrunna eða vegna t.d. plöntunar framandi tegunda. Vel má hugsa ákveðin sveigjanlega í staðsetningu húsa þannig að gróðri og votlendi sé hlíft eins og hægt er. Það er ljóður á greinagerðinni, þó þessi ábending sé utan verksviðs Náttúrufræðistofnunar, hve mikið er af stafsetningar- og málvillum í henni. Að



öðru leiti gerir Náttúrufræðistofnun ekki athugasemdir við deiliskipulagið.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Trausti Baldursson

Meðf: Náttúrufræðistofnun Íslands, óútgefið gróðurkort sem sýnir deiliskipulagssvæðið, sjá einnig gróðurlykil:  
[http://www.ni.is/sites/ni.is/files/atoms/files/grodurlykill\\_-vefur.pdf](http://www.ni.is/sites/ni.is/files/atoms/files/grodurlykill_-vefur.pdf).



